



## Aðgangur hunda og katta að veitingastaðum í Reykjavík

Heimilt er að hleypla hundum og köttum inn á veitingastaði, svo sem veitingahús og kaffihús, skv. [reglugerð nr. 905/2017](#) að gefnum ákveðnum skilyrðum. Heimild þessi gildir ekki um veitingastaði þar sem mæting er valfrjáls, s.s. mótuneyti, eða staði þar sem fólk er gert að sækja þjónustu.

Rekstraraðilar veitingastaða í Reykjavík, sem nýta sér þessa heimild, skulu tilkynna það til heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

### Ábyrgð

Rekstraraðilar veitingastaða eru ábyrgir fyrir öryggi matvæla. Þeim ber að tryggja að matvæli sem þeir framleiða og framreiða séu varin gegn mengun. Kjósi þeir að veita hundum og köttum (hér eftir dýr) aðgang að veitingasal skulu þeir tryggja að matvæli verði ekki fyrir mengun af völdum dýranna. Rekstraraðila er heimilt að vísa frá viðskiptavinum með dýr.

### Skriflegt verklag

Koma skal í veg fyrir að dýrin komist í návígi við óvarin matvæli og snerti þau. Rekstraraðili skal skilgreina viðbrögð ef það gerist. Skriflegt verklag skal vera til staðar sem lýsir eftirliti með ummerkjum eftir dýr, viðbrögðum sem grípa skal til hafi dýr snert matvælin eða komist í návist þeirra eða mengað matvæli eða umhverfi.

### Markmið og skilyrði

- Tryggja skal að dýr séu einungis í veitingasölum veitingastaðar og ekki þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd. Geymsla, undirbúningur og framleiðsla matvæla fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar [nr. 103/2010](#) um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Fullnægjandi ráðstafanir skulu enn fremur gerðar til að varna því að dýr komist inn á staði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd (eða, ef heilbrigðiseftirlitið heimilar það í sérstökum tilvikum, til að varna því að slíkur aðgangur leiði til mengunar).
- Geymsla óvarinna matvæla í veitingasal skal vera þannig háttáð að ekki sé hætt á að dýr komist að þeim, t.d. bak við afgreiðsluborð. Meðhöndlun matvæla getur einnig átt sér stað bak við afgreiðsluborð. Með meðhöndlun er hér átt við samsetningu tilbúinna matvæla (s.s. samlokur, salat), hitun tilbúinna matvæla (s.s. samloka), skömmtun á kökum, brauðmeti eða öðrum réttum.
- Geymsla varinna matvæla, þ.e. forpakkaðra matvæla, er heimil í kæliborði í veitingasalnum.
- Óheimilt er að hafa sjálfsafgreiðslu þar sem opið aðgengi er að matvælum, s.s. hlaðborð eða salatbar, í þeim hluta veitingasalar sem dýr hafa aðgang að.
- Heimilt er að brynna dýrum úr ílátum sem eigandi hefur með sér eða rekstraraðili leggur til, enda komist þau ekki í snertingu við matvæli á staðnum og önnur ílát. Þrif íláta sem rekstraraðili útvegar skulu aðskilin frá uppþvotti á borðbúnaði eða áhöldum/ílátum sem notuð eru á veitingastaðnum.



- Aðstaða og framkoma við dýrin skal vera þannig að velferð þeirra sé tryggð. Dyr þurfa að vera í taumi og eigandi skal halda þeim hjá sér (sjá dæmi um umgengisreglur hér fyrir neðan).

### Framkvæmd

Uppfylli veitingastaðurinn þau markmið og skilyrði sem koma fram hér fyrir ofan skal hann:

- Upplýsa á áberandi hátt á húsnæðinu sjálfu áður en gengið er inn á veitingastaðinn, utan dyra sem að innan, og á vefsíðu fyrirtækisins, að heimilt sé að koma með hunda og ketti inn á veitingastaðinn, sbr. b-liður 6. tl. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 (sjá dæmi hér fyrir neðan).
- Tilkynna til heilbrigðisnefndar með sannanlegum hætti að veitingastaðurinn leyfi hunda og ketti inn á veitingastaðinn, sbr. 6. tl. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002. Tilkynningu þarf að senda á netfangið [heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is).

**Dæmi um upplýsingar ætlaðar gestum veitingastaðarins sem hafa skal á áberandi þar sem viðskiptavinir ganga inn:**

**Hundar og kettir eru velkomnir inn á þennan stað!**

**Eigendur: Sjá umgengisreglur**

**Dæmi um umgengisreglur sem þurfa að vera sýnilegar í veitingasal:**

#### Umgengisreglur fyrir viðskiptavini með hunda/ketti:

- Viðskiptavinum veitingastaðarins sem hafa dýr meðferðis ber að fylgja umgengisreglum þessum.
- Hundar/kettir hafa eingöngu aðgang að veitingasal.
- Eigandi skal hafa dýr í taumi og halda hjá sér.
- Eigandi skal fara með dýr út til að gera þarfir sínar. Eigandi ber ábyrgð á hreinsun.
- Geri hundur/köttur þarfir sínar innandyra skal eigandi sjá um hreinsun. Upplýsa skal starfsfólk um atvikið.
- Heimilt er að gefa dýrinu að drekka úr íláti sem eigandi leggur til.
- Eigandi skal gæta þess að dýr ónáði ekki aðra gesti staðarins.
- Veitingastaðurinn hefur heimild til að vísa frá viðskiptavinum með gæludýr.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

### Nánari upplýsingar

- Leiðbeiningar Matvælastofnunar um hunda og ketti á veitingastöðum:  
<https://www.mast.is/static/files/import/leibeiningar/leidbeiningar-hundar-kettir-a-veitingastodum-180511.pdf>

**Samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 21.04.2021.**